

Ísafjarðarbær
Brynjar Þór Jónasson
Sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs
Hafnarstræti 1
Ísafjörður

Ísafirði, 27 september 2019

Erindi: Lóðin Hrafnatangi 2, Ísafirði.

Hraðfrystihúsið - Gunnvör hf. fyrirhugar að reisa nýtt atvinnuhúsnæði / fiskvinnslu á lóðinni Hrafnatangi 2, við Sundabakka. Lóðin er um 19.500 fermetrar að stærð. Tækniþjónusta Vestfjarða hefur verið falið að rýna fyrirbyggjandi gögn um lóðina og vera til ráðgjafar við undirbúning framkvæmdarinnar.

Lóðinni við Hrafnatanga 2 var úthlutað til Hraðfrystihússins - Gunnvarar hf. (skv. 417. fundi bæjarstjórnar) í maí 2018 með þeim fyrirvara að umsóknin falli úr gildi hafi teikningar ekki borist innan 12 mánaða og framkvæmdir ekki hafist innan 24 mánaða.


Mikilvægt er við undirbúning framkvæmdarinnar að allar tímasetningar einstakra framkvæmdaþátta sem snúa að Ísafjarðarbæ, sem við kemur lóðinni og þeirri starfsemi sem þar mun verða, liggi fyrir áður en til framkvæmda við fiskvinnsluhúsið kemur. Samkvæmt samþykktu deiliskipulagi fyrir svæðið er fyrirhugað að lengja Sundabakka og byggja upp göturnar Hrafnatanga og Krítanga með tilheyrandi lögnum og slitlagi. Framkvæmdir við götuna Æðartanga hafa átt sér stað en þar á eftir að leggja efra burðarlag og slitlag. Framkvæmdaraðili telur að þessar framkvæmdir verða að eiga sér stað áður eða samhliða uppbyggingu á fiskvinnsluhúsinu á lóðinni við Hrafnatanga 2.

Í ljósi þessa er óskað eftir svörum við eftirfarandi spurningum:

1. Hvenær verður Sundabakki lengdur og í hvaða hæðarkóta verður hann?
2. Hvenær verður gatnagerð Hrafnatanga og krítanga með tilheyrandi frárennislögnum og slitlagi lokið?
3. Hvenær verður lokið við að leggja efra burðarlag og slitlag á Æðartanga?

Virðingarfyllst

f.h. Tækniþjónusta Vestfjarða ehf.



Hallvarður Aspelund